

Sp.

124. Nefndarálit

[1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur eins og jafnan áður unnið að undirbúningi og gerð tillagna um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur nefndin við það starf notið aðstoðar og tillagna forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. En hann hefur aflað upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngu-fyrirtækja.

Nokkur hækkun hefur orðið á þessu ári á rekstrarkostnaði flóabátanna. Sum fyrirtækin hafa tekið í notkun nýja báta og önnur hafa orðið að endurnýja vélakost báta sinna. Nefndin hefur því orðið að gera tillögur um hækkun framlaga til einstakra flóabáta. Verður þó ekki sagt, að þær hækkanir séu verulegar. Sú staðreynd verður þó ekki sniðgengin, að fjárhagur sumra bátanna er mjög bágþorinn og nauðsynlegt að athuga nánar, hvernig úr megi bæta.

Um rekstur og afkomu hinna einstöku flóabáta vill samvinnunefndin taka þetta fram:

Norðurlandssamgöngur.

Veruleg óvissa ríkir um rekstur og framtíð Norðurlandsbátsins Drangs vegna þess, að gerbreyting hefur orðið á samgöngum á landi við kaupstaðina Ólafsfjörð og Siglufjörð. Telur útgerðarmaður bátsins ekki koma til greina að ætla honum áætlunarsiglingar eins og áður, árið um kring. Hins vegar hefur hann farið fram á það að halda óbreyttum ríkisstyrk á næsta ári, miðað við það, að hann haldi uppi ferðum um farsvæði sitt eftir þörfum. Féllst nefndin á að verða við þeirri ósk, en leggur til, að forstjóri Skipaútgerðarinnar athugi í samráði við útgerðarmann Drangs

framtiðarskipulag ferðanna og hafi þá jafnframt samráð við forustumenn byggðarlaganna, sem báturinn hefur haldið uppi þjónustu við. Það er enn sem fyrr skoðun samvinnunefndarinnar, að nauðsynlegt sé að útvega útgerðarmanni Drangs lengri og hagkvæmari lán í stað hinna erlendu lána, sem enn hvíla með allmiklum þunga á fyrirtækinu.

Lagt er til, að framlag til Strandabáts verði óbreytt, 60 þúsund krónur. En sú breyting hefur á orðið, að akvegasamband hefur skapast við Árneshrepp, og því hefur þótt fært að fella flóabátasamgöngur þangað að mestu leyti niður. Hins vegar er nauðsynlegt, að kostur sé á slíkum ferðum framan af vori, ef snjóar skyldu hindra landsamgöngur.

Gert er ráð fyrir, að framlag til Haganesvíkurbáts verði óbreytt. Hins vegar er lagt til, að Hriseyjarbátur fái 60 þúsund króna vélastyrk, en haldi óbreyttum rekstrarstyrk.

Þá er lagt til, að styrkur til flugsamgangna við Grímsey hækki um 10 þúsund krónur. Hafa áætlunarflugferðir Tryggva Helgasonar á Akureyri til Grímseyjar bætt mjög úr samgönguferfiðleikum Grímseyinga. Er gert ráð fyrir, að á þessu ári verði farnar 100 áætlunarflugferðir til eyjarinnar.

Loks er lagt til, að styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda verði 120 þúsund krónur. Er þetta 10 þúsund krónum lægra en á yfirstandandi ári, en þá var bátnum veittur 30 þúsund króna viðbótarstyrkur vegna vélakaupa.

Austfjarðasamgöngur.

Nefndin leggur til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 30 þúsund krónur. Tekjur þessa báts eru mjög rýrar, en ferðir hans eru taldar mjög nauðsynlegar fyrir hina afskekktu byggð. Gert er ráð fyrir, að Loðmundarfjarðarbátur fái óbreyttan rekstrarstyrk. Nýr aðili var á þessu ári fenginn til þess að annast ferðirnar.

Þá er lagt til, að styrkur til snjóbifreiðar á Austfjörðum hækki um 20 þús. kr. Snjóbifreið þessi heldur uppi ferðum frá Seyðisfirði um Fjarðarheiði á Hérað og er talin veita mjög mikilsverða þjónustu, þegar snjóalög hindra bifreiðaferðir.

Suðurlandssamgöngur.

Mörg undanfarin ár hefur verið veittur ríkisstyrkur vegna vöruflutninga til hinna hafnlausu héraða í Skaftafellssýslum. Leggur samvinnunefndin nú til, að styrkur til vöruflutninga á Suðurlandi, þ. e. til Vestur-Skaftafellssýslu, hækki um 40 þúsund krónur, upp í 590 þúsund krónur. Nefndin leggur hins vegar til, að styrkur til vöruflutninga til Örefa verði óbreyttur.

Loks er lagt til, að styrkur til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga hækki um 50 þúsund krónur.

Faxaflóasamgöngur.

Afkoma h.f. Skallagríms, sem heldur uppi ferðum milli Reykjavíkur og Akraness, hefur á þessu ári verið mjög bágborin. Fyrirtækinu voru á þessu ári veittar 1600 þúsund krónur í rekstrarstyrk og 300 þúsund krónur vegna viðgerðar á Akraborg. Sótti fyrirtækið nú um 2 milljón króna rekstrarstyrk á næsta ári og 650 þúsund króna aukastyrk vegna fyrri rekstrarhalla, að mestu frá síðustu flokkunarviðgerð. Nefndin leggur til, að Skallagrími verði veittur 1700 þúsund króna rekstrarstyrkur og 300 þúsund krónur vegna viðgerðar Akraborgar, samtals 2 milljónir króna. Jafnframt leggur samvinnunefndin til, að sérstök nefnd verði skipuð til þess að rannsaka flutningabörf og samgöngur milli Akraness og Reykjavíkur, með það fyrir augum að finna hagkvæmari lausn á flutningavandamáli þessa farsvæðis.

Þá er lagt til, að framlag til Mýrabáts verði óbreytt.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Breiðafirði verði nú 455 þúsund krónur. En þessi bátur heldur uppi samgöngum milli vestureyja Breiðafjarðar og enn fremur við landhreppana í Austur-Barðastrandarsýslu á vetrum. Í þessari styrkuppþæð er innifalið 20 þúsund króna framlag til ferða af Barðaströnd með beltisdráttarvél yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar, þegar snjóar hindra ferðir bifreiða á þessari leið. Samtals verður framlagið til þessara ferða 55 þúsund krónum lægra en á s. l. ári, en þá var Flateyjarbáti veittur 200 þúsund króna styrkur vegna kaupa á nýjum bát. Af styrkuppþæðinni nú er gert ráð fyrir, að 55 þúsund krónum verði varið til þess að létta gamalli skuldabyrði af þessum samgöngum. Nefndin leggur til, að hreppsnefnd Flateyjarhrepps hafi umsjón með rekstri og ferðum Flateyjarbáts.

Lagt er til, að styrkur til Stykkishólmsbátsins Baldurs verði nú 1500 þúsund krónur. Er þar um að ræða 50 þúsund króna hækkun frá yfirstandandi ári. Hinn nýi flóabátur, sem er 180 brúttótonn að stærð, hóf þjónustu sína í byrjun apríl s. l. Er fjárhagur flóabátsins mjög erfiður. Lánnum í sambandi við smíði bátsins hefur ekki verið komið á fastan grundvöll, og nokkur óvissa ríkir um verkefni fyrir hann í framtíðinni. Skapaðist fyrirtækinu ýmislegur vandi vegna þess, hve lengi dróst, að hinn nýi bátur kæmist í gagnið. Er það skoðun nefndarinnar, að nauðsynlegt sé, að fjárhagsvandamál þessa báts verði tekið til ítarlegrar athugunar og úrlausnar.

Lagt er til, að styrkur til Langeyjarnesbáts verði óbreyttur.

Vestfjarðasamgöngur.

Afkoma Djúpbátsins h.f. á Ísafirði, sem rekur m.s. Fagranes, hefur verið sæmi- leg á árinu. Skipið hefur eins og undanfarin ár haldið uppi ferðum um Ísafjarðar- djúp og til kaupþúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hafa farþega- og bifreiðaflutningar með Fagranesinu verið með mesta móti. Er lagt til, að rekstrarstyrkur hans verði 1350 þúsund krónur. Er það sama upphæð og á yfirstandandi ári.

Þá er lagt til, að framlag til þriggja smábáta á Vestfjörðum, Dýrafjarðarbáts, Patreksfjarðarbáts og Skötufjarðarbáts, verði óbreytt að öðru leyti en því, að styrkur til Dýrafjarðarbáts hækki um 10 þúsund krónur.

Samkvæmt framansögðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildar- fjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1967 kr. 8 677 000. Er það rúmum 300 þúsund krónum hærra en á árinu 1966.

Nefndin leggur til, að heildarfjárhæðin skiptist þannig:

1. Norðurlandsbáturinn Drangur	1350 þús. kr.
2. Strandabátur	60 — —
3. Haganesvíkurbátur	25 — —
4. Hriseyjarbátur	50 — —
Sami, vegna vélakaupa	60 — —
5. Grimsey, vegna flugferða	60 — —
6. Flateyjarbátur á Skjálfanda	120 — —
7. Loðmundarfjarðarbátur	50 — —
8. Mjóafjarðarbátur	175 — —
9. Til snjóbifreiðar á Austfjörðum	120 — —
10. Til vöruflutninga á Suðurlandi	590 — —
11. Til vöruflutninga til Örefa	165 — —
12. Vestmannaeyjabátur, vegna mjólkurflutninga	350 — —
13. H.f. Skallagrimur — „Akraborg“	1700 — —
Sami, vegna viðgerðar	300 — —
14. Mýrabátur	7 — —

15. Flateyjarbátur á Breiðafirði	455 þús. kr.
16. Stykkishólmsbátur — „Baldur“	1500 — —
17. Langeyjarnesbátur	100 — —
18. Djúpbátur — „Fagranes“	1350 — —
19. Dýrafjarðarbátur	45 — —
20. Patreksfjarðarbátur	25 — —
21. Skötufjarðarbátur	20 — —

Samtals 8677 þús. kr.

Alþingi, 9. des. 1966.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar.	Jón Þorsteinsson, form. Ed.-nefndar.
Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar.	Sigurvin Einarsson.	Björn Pálsson.
Páll Þorsteinsson.	Björn Jónsson.	Guðl. Gíslason.
Ásgeir Bjarnason.	Bjartmar Guðmundsson.	Sigurður Ágústsson.
Ragnar Arnalds.	Sigurður Ó. Ólafsson.	